

L Ö G

um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum.

Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi:

- A. 1. Bein lína úr „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar í punkt, sem er hnit X 24.055, Y 10.625 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
2. Þaðan lína í punkt, sem er hnit X 23.955, Y 10.965 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
3. Þaðan bein lína í vörðu við veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lakkandi ofan af norðurbrún hraunsins.
4. Þaðan bein lína í Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum.
5. Þaðan lína í punkt, sem er hnit X 21.570, Y 10.440 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
6. Þaðan bein lína í vörðu í Stórákrók.
7. Þaðan í vörðu í neðstu jarðbrú í Kaplakrika.
8. Eftir Kaplalæk í vörðu við hraunjaðarinn, beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum, rétt norðan við Baggalágar, vestur af Setbergslandi.
9. Þaðan bein lína í stíflugarð rafstöðvarinnar.
10. Eftir stíflugarðinum yfir tjörnina.
11. Upp með rafstöðvartjörninni að sunnan, þar til kemur að nýju Reykjanesbrautinni.
12. Meðfram norðurbrún nýju Reykjanesbrautarinnar, þar til hún sker eignarmarkalínu Setbergs og Hafnarfjarðar, sem er úr stíflugarðinum í markapúfu við gömlu sandgryfjurnar, þ. e. um miðja lóðina nr. 3 við Stekkjarkinn.
13. Þá lína í markapúfu við gömlu sandgryfjurnar.
14. Þaðan í Lækjarbotna.
15. Þá í Gráhellu.
16. Þaðan í miðjan Ketshelli.
17. Eftir Selvogsmanna- eða Grindaskarðsvegi í Kaplatór (Strandatorfur).
18. Þaðan bein lína í Markkraka.
19. Þaðan bein lína um Melrakkagil (Markrakagil) að Krýsuvíkurvegi.
20. Þaðan bein lína í Markhelluhól.
21. Þaðan í Hraunkrossstapa.
22. Þá í Miðkrossstapa.
23. Þá í Hólbrunnshæð.
24. Þá í Stóra-Grænhól.
25. Þá í Skógarhól.
26. Og í Markaklett við Hraunsnes.

B. Sá hluti jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, sem Hafnarfjarðarkaupstaður á.

Allt land innan ofangreindra takmarka telst til lögsagnarumdæmisins. Kaupstaðurinn skal setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 46 frá 23. maí 1964.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um náttúruvernd.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Hlutverk náttúruverndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og náttúru, þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land, né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenzkrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess, sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Lögin eiga að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni.

Stjórn náttúruverndarmála.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn náttúruverndarmála.

3. gr.

Í hverju sýslu- og bæjarfélagi og Reykjavík skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Sýslunefnd, bæjar- eða borgarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna og kys þá til fjögurra ára í senn og ákveður formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma.

Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m. a. með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórna, Náttúruverndarþings eða Náttúruverndarráðs.